

## AUGLÝSING

### um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 3 23. febrúar 1971 um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda ákveður ráðuneytið, að innheimta megi á fyrstu 6 mánuðum ársins 1971 allt að 60% af opinberum gjöldum ársins 1970 sem fyrirframgreiðslu á slíkum gjöldum, sem álögð verða 1971.

*Fjármálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.*

Magnús Jónsson.

*Jón Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag frá og með 1. janúar 1971 verið ákveðinn sem hér segir:

Fávítahæli ríkisins, Kópavogi .....	kr. 650.00
Barnaheimili Templara, fávítahæli, Skálatúni .....	— 550.00
Vistheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnessýslu .....	— 510.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshr. ....	— 550.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngási, Reykjavík, og dagvistardeildir fávita .....	— 390.00
Vistheimilið Sólborg, Akureyri .....	— 550.00

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1971.*

Eggert G. Þorsteinsson.

*Jón Ingimarsson.*